

# Alþýðubandalag kyngir bitanum

Þetta var erfiður bita í hálsi Alþýðubandalagsins, en í gærkvöldi samþykkti miðstjórn flokksins að kyngja honum. Ráðherrar

flokksins mun nú styðja, að samið verði við Breta á grundvelli samningsdraga Ólafs og Heaths. Alþýðubandalagsmenn hafa lýst

andstöðu við þetta, en þeir segjast láta sig hafa það til að sundra ekki stjórninni. Segjast þeir vilja standa að framgöngu annarra mála

málefnasamningsins, einkum brottför varnarliðsins.

Sjá baksíðufrétt —HH

## Í essinu sínu

Ungi landsliðsmarkvörðurinn í Haukum, Gunnar Einarsson, var svo sannarlega í essinu sínu í gærkvöldi í Laugardalshöllinni, þegar 1. deildin í handknattleik hófst þar. Lið hans sýndi, að við það má binda miklar vonir, þegar í fyrsta leik jafntefli við Fram. Íþróttir í opnu og á bls. 12.


## Stríðsfangar við bezta atlæti

Þeir fara ekki svo bölvanalega með ísraelsku stríðsfangana, Egyptarnir, ef marka má ummæli eins stríðsfangans, sem sendur var frá Egyptalandi á dögunum heim til Ísrael. Sjónvarp, stereótónlist, skodunarferðir. Allt þetta og fleira til var innifalið í fangelsisvistinni. „Eg hefði gaman af að fara þangað aftur einhvern daginn“, sagði hermaðurinn, „og þá sem ferðamaður, en ekki fangi“.

—Sjá bls. 6

## Þorlákshöfn fær 600 milljónir, Hornafjörður 30 milljónir af láni Alþjóðabankans vegna gossins

Lánið, sem Alþjóðabankinn veitti vegna Vestmannaeyjagossins til hafnarframkvæmda á Suðurlandi og Suðvesturlandi, skiptist ekki jafnt á milli Hornafjarðar, Grindavíkur og Þorlákshafnar, eins og margir halda. Hornafirði eru aðeins ætlaðar 30 milljónir, en Þorlákshöfn á að fá 600 milljónir. 300 milljónir fara svo til Grindavíkur. Þetta kom m.a. fram í viðtali við Kristján Gústafsson, útgerðarmann frá Höfn í Hornafirði, en hann telur, að þeir Hornfirðingar muni ekki geta byggt fyrirhugaðan hafnargarð úr Einholtsklettum út í Hvanneyjarsker fyrir þessa lágu upphæð, en slíkur garður gæti orðið lífhöfn Hornfirðinga. Viðtal er við Kristján og fleiri fulltrúa á Fiskipingi á bls. 8.



## Ljósmyndin lýgur ekki — frá ljósmyndasýningunni að Kjarvalsstöðum

„Og við tókum fúslega undir þau orð snillingins, að ÞETTA SE ÍSLAND“. Þannig komast ljósmyndari og blaðamaður Vísis að orði í umsögn, sem þeir rita um ljósmyndasýninguna, sem nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum. Ofanritað er

úr spjalli þeirra um þátt Gunnars Hannessonar í sýningunni, en hann á þar 560 litmyndir, sem sýndar eru á fimm tjöldum í Kjarvalssal. Litmyndin hér að ofan er einmitt úr safni Gunnars, en hún er frá Reykjanesinu. Það

sem vekur sérstaka athygli fréttamannanna, sem sköðuðu sýninguna fyrir Vísi, er það, að áhugaljósmyndararnir sex eru ekki að gera neinar kúnstir. Þeir nota ekki tæknilegar brellur eins og t.d. að nota afbrigðilegar linsur framan á

vélar sínar eða þá að breyta myndunum við stækkun. Ljósmyndirnar á þessari sýningu ljúgi ekki, þær séu sannar — „og heidarlegt framlag til þessarar listgreinar“.

Sjá umsögn bls. 9

„GUFU-RAFORKAN SAMKEPPNISFÆR“ — sjá baksíðu